

24. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í 1858.
vesturumdæminu, um framfæri sveitarómaga. 2. septbr.

Þér hafið, herra amtmáður, að beiðni fátækra stjórnarinnar í Kolbeinstaðahrepp í Hnappadals sýslu, í bréfi yðru 19. október í fyrra, skotið því máli til úrlausnar dómsmálastjórnarinnar, hvort Sigurður nokkurr Sigurðsson ætti sveit í Kolbeinstaðahrepp, sem er fæðingarhreppur hans, eður í Skorradalshrepp í Borgarfjarðarsýslu í suðurumdæminu, þar er hann hefir við bú verið á Mófellstöðum frá fardögum 1843 til fardaga 1855.

Þér hafið, herra amtmáður, getið þess í bréfi yðru, að stiptamtmaðurinn og amtmáðurinn fyrir vestan hafi eigi getað orðið ásáttir um, hvar maðurinn væri sveitlægur; hafi stiptamtmaður, sýslumaður Borgfirðinga og hreppstjóri í Skorradals hrepp ætlað, að Sigurður hefði eigi áunnið sér sveit í Skorradals hrepp með dvöl sinni þar, því að hann hafi neyðzt til eptir 4 ár, eður árið 1847, að biðja um sveitastyrk, og hafi hann þá fengið 8 rd. í peningum, er síðan voru endurgoldnir af sveitarsjóði í Kolbeinstaðahrepp, eður fyrir milligöngu hreppstjóra þar, að tilhlutun sýslumanns í Mýra og Hnappadals sýslu; en þér og hreppstjórnin í Kolbeinstaðahrepp hafið lýst þeirri ætlun yðarri, að styrkur sá, er Sigurður fékk af Skorradalshrepp, hafi eigi getað staðið honum fyrir að öðlast þar sveit með dvöl sinni, fyrir því að þér hyggið Sigurð hafa eigi þegið sveitastyrkinn árið 1847, og eigi fyrr en 1848 að áliðnu, þá er hann hafði þegar verið 5 ár á Mófellstöðum, svo hafi og styrkur þessi eigi verið sveitastyrkur í raun rætti, heldur öllu fremur lán, er Sigurður hafi fengið til heykaupa og til að borga skuld sína, enda hafi hann þá átt alla búshluti og fænað nokkurn veginn nægan. Þér hafið og enn sagt, að það hefði verið því síður rétt á litið, að Sigurður væri „þurfandi sveitastyrks“, sem hann hefði átt frændur að, er bæði hefði getað og viljað ljá honum fé það er hann þurfti.

Nú er vèr höfum fengið tillögur stiptamtmanns í máli þessu, þá skulum vèr svara yður á þá leið, sjálfum yður til eptirsjónar og til auglýsingar þeim er hlut eigu að máli, að Sigurður Sigurðsson sè sveitlægur í Skorradalshrepp í Borgar-

1858.

2. septbr.

fjarðar sýslu, fyrir því að styrkur sá, er hann hefir þegið, hvort sem hann nú hefir þegið hann ári fyrir eður síðar, virðist eigi hafa verið svo vaxinn, eptir því sem fátækralög mæla fyrir, sjá einkum 6. gr. í reglug. 8. janúar 1834, að það hafi getað staðið mannum fyrir að öðlast sveit í Skorradalshrepp með dvöl sinni þar.

Því skulum vér við bæta, að þenna hinn sama dag er stiptamtanni sent samhljóða bréf þessu.

14. septbr. **25. Bréf fræðslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi um „Fjórðungafjöru“.**

Þér hafið, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, skýrt svo fyrir oss, í álitsbréfi ykkru 28. apríl í vor, beiðni erfingja Valgerðar, ekkju Steingríms biskups, þeirra B. Thorsteinsonar konferenzráðs og H. St. Johnsens, kaupmanns í Reykjavík, að nú má það auðsætt virðast, að „Fjórðungafjara“, er getið er um í konungsbréfi 29. september 1848, hafi af ógáti verið talin með ítökum og rekum kirkjunnar í Skálaholti, þeim er biskupsekkjunni fengnir voru til fullrar eignar og umráða, þar sem þó fjaran var í raun rættri eigneign Steingríms biskups. Fyrir þessa sök er það sjálfsgagt, að draga skal andvirði fjörunnar frá verðhæð þeirri, er til er tekin í konungsbréfinu til lausnar eignanna, og fyrir því mælir fræðslustjórnin alls ekki ígegn því, að beiðendur þyki fullnægt hafa fyrirmælum konungsbréfsins, þá er þeir hafa greitt í jarðabókarsjóðinn þeim mun minna lausnareyri, eður, í stað 994 rd. 32 sk., 940 rd., er þeir hafa boðizt til að lúka.

Þessu skýrum vér ykkur frá til eptirsjónar og auglýsingar þeim, er hlut eigu að máli; en hins verðum vér og að geta, að fræðslustjórnin fær eigi sæð sér fært að veita beiðendum þá bæn sína, að mega borga þessa 940 rd. svo og 20 rd., þá er kirkjan á eptir bréfi fræðslustjórnarinnar 23. september 1850, í jarðabókarsjóðinn með ríkisskuldabréfum þeim, er 4 af